

Tinna Gunnlaugsdóttir

Ávarp á jólafundi Rótarýklúbbsins Reykjavík-Miðborg 12. desember 2016

“Það sem kemur mest á óvart í mannlegri tilveru eru að maðurinn fórnar heilsu sinni til að eignast peninga.

Svo fórnar hann peningunum sínum til að ná aftur heilsu sinni.

Á sama tíma er hann svo spenntur fyrir framtíð sinni að hann nýtur ekki augnabliksins. Afleiðingin er sú að hann lifir hvorki í nútíð né framtíð. Hann lifir eins og hann muni aldrei deyja – og svo deyr hann án þess að hafa lifað.”

Þegar móðir mín, Herdís Þorvaldsdóttir, dó fyrir örfáum árum og við systkinin vorum að fara í gegnum eigur hennar, rakst ég á kassa utan af vínflöskum, sem var fullur af allskonar úrklippum og ljósritum. Ég velti því fyrir mér hvort ég ætti að varðveita þetta, eða farga, þetta var jú að öllum líkindum allt til annarsstaðar í frumriti, en eftir nokkra umhugsun ákvað ég að taka kassann með heim. Þar hefur hann svo staðið óhreyfður í nokkur ár, eða þar til ég tók hann fram fyrir örfáum dögum og og fór að kanna innihaldið.

En í kassanum var að finna ýmis gullkorn og annað laust og bundið mál, sem mömmu hefur þótt ómaksins vert að klippa út og geyma - og upphafsorðin eru einmitt eitt að slíkum gullkornum; tilvitnun í Dali Lama.

Það sem var þó fyrirferðarmest voru allar blaðgreinarnar sem hún hafði skrifað um sauðkindina í gegnum árin, tæplega þrjúhundruð talsins. Hvernig við sem þjóð höfum í gegnum aldinar gengið allt of nærri þessu harðbýla landi, fyrir á tímum sjálfsagt af einhverskonar nauðsyn - á stundum að minnsta kosti, en í sinni tíð meira af vanhugsun, eða íhaldssemi í gamla búskaparhætti, þar sem sauðkindinni er sífellt beitt á allt of viðkvæm svæði sem verða loks að örfoka landi. Það starf sitt og viðleitni alla kórónaði hún svo með heimildarmyndinni: “Fjallkonan hrópar á vægð.” sem hún framleiddi með dyggri aðstoð nokkurra barnabarna þegar hún var sjálf komin hátt á níraðisaldur.

Myndin hefur meðal annars hefur verið sýnd á RÚV og er markverður vitnisburður um ástand landsins og um leið hverju væri hægt að áorka með einfaldri beitarstýringu, en myndin er þó ekki síður vitnisburður um þrautseigju og baráttuanda einnar konu.

En svo ég segi skilið við sauðkindina, þá var mamma líka mikill ljóðaunnandi og í kassanum var að finna úrval af ljóðum eftir okkar bestu skáld, eitthvað sem

hún hefur sjálfsagt ljósritað til að lesa upp eða vinna með á einhvern hátt., eða til eigin umhugsunar og íhugunar.

Mamma var trúuð, en hún fann til mestrar samstöðu með þeim sem aðhyllast enga sérstaka trú, en líta á alla trúhneigð mannsins sem eilífa leit að einhverskonar æðri tilgangi, að einhverskonar ásættanlegu samræmi milli lífs og dauða. Þá guðspeki eða lífsspeki bæri að virða, hvaða nöfnum sem menn svo kysu að kalla sinn guð.

Við vitum að jólin voru í heiðnum sið tengd vetrarsólstöðum. Jólablótin voru til að fagna endukomu sólarinnar sem hafði um stund lotið í lægra haldi fyrir myrkrinu en var í þann vegin að hefja sína endurkomu. Og mörg af ljóðunum í kassanum eru einmitt um sólina, uppsprettu allrar orku og lífs. Og andstæðurnar - ljós og myrkur. Og eitt þetta er ljóð Sigurðar Sigurðssonar frá Arnarholti. Sól stattu kyrr.

Sól stattu kyrr.

Þótt kalli þig sær til hvílu – ég elska þig heitar.

Þú blindar mín augu, þú ert mér svo kær.

Og eins hvort þú skín eða bæn minni neitar.

Ég sæki þér nær, þótt þú færir þig fjær.

Þótt þú fallir í djúpið mitt hjarta til geislanna leitar.

Í dag eru jólin auðvitað fyrst og fremst fæðingarhátíð frelsarans, gleðihátíð barnanna og því hef ég dregið fram annað ljóð úr kassanum góða, kvæðið um Krist eftir Stein Steinar.

Það var kvöld

og við sátum í garðinum

tvö fátæk börn.

Og við horfðum á sólina

Hverfa bak við fjöllin í fjarska

Það er svo undarlegt finnst manni

Þegar maður er ungur

Að sólin skuli hverfa

Af himninum

Bak við fjarlæg fjöll

Það er eins og framandi hönd

Hafi hrifsað frá manni leikföngin manns.

Og við sem eygðum ei kvöldið

Í öryggi hins sólhvíta dags

Sátum hljóðir og undrandi

Andspænis svörtum vegg

Sem við komumst ei yfir

Það var nóttin.

Og við sátum í garðinum

Tvö fátæk börn.

**Það var þá sem þú sagðir mér leyndarmál þitt
Það mikla leyndarmál
Sem enginn hafði áður haft vitneskju um.
Það var svo fagurt - og dularfullt
Það var fegursta leyndarmál heimsins
Og við sátum og hvísluðum hvor að öðrum
Undarlegum vængjuðum orðum
Um sólina
Sem mundi skína uppi á himninum
Stærri og hjartari en nokkru sinni áður
Og um mennina
Sem yrðu svo góðir við börnin
“Og þá verða allir menn svo góðir”
sagðir þú
“Svo góðir eins og blómin og þá þurfum við aldrei frammar að hræðast
myrkrið því þá verður aldrei nótt, þegar búið er að frelsa heiminn”**

**Og við sátum í garðinum eitt kvöld
Fyrir tvö þúsund árum
Tvö fátæk börn.**

Og af því að við eru stödd í leikhúsi og af því að ég hef gert minningu móður minnar, leikkonunnar Herdísar Þorvaldsdóttur, að meginþræði í spjalli mínu, þá langar mig að lesa hér stuttan texta um leiksyningu eftir Jón Thoroddsen, sem einnig var að finna í vinkassanum. Ekki þó Jón Thoroddsen skáld og sýslumann, heldur alnafna hans. Á spássíuna hefur verið skrifað að Jón þessi Thoroddsen hafi verið sonur Skúla og Theodóru Thoroddsen og látist að slysförum í Kaupmannahöfn, aðeins 26 ára gamall laust eftir þarsíðustu aldamót.

Tjaldið fellur.

**Það rignir rósum. Englarnir klappa og hrópa. Guð almáttugur stendur upp með hægð og brosir.
Ungur óreyndur engill stenst ekki mátið. Hann veifar vængjunum og æpir: lengi lifi guð almáttugur. Hann lifi!
Himinninn skelfur af húrrahrópum, en Guð almáttugur bítur snöggvast í vörin - Hann er jú eilífur.
Svo brosir hann og hneigir sig.
Gabríel erkiengill heldur ræðu, honum mælist vel að vanda og leikararnir strjúka hendinni um tárivot augun.
En nú stígur Guð almáttugur niður úr háseti sínu, gengur til aðalleikarans og klappa kumpánlega á öxl hans og segir. “Þú varst óborganlegur”**

Leikaranum verður svo mikið um að hann kemur ekki upp nokkru orði, en þá taka englarnir undir með Guði: “Já þú varst ágætur” og Gabríel erkiengill sem ber gott skynbragð á slíka hluti bætir við:

“Ég efast um að aðrir hefðu leikið þetta betur”

Leikarinn hefur nú jafnað sig og segir hæversklega “En þetta var bara leikur”

En svo snýr hann sér beint að Guði almáttugum og spyr án þess að hika:

“En af hverju vitum við ekki að við erum að leika?”

“Þegar þið vitið það, leikið þið ekki. Þið setjist bak við tjöldin og horfið á.”

Þetta sagði Guð almáttugur og veislunni var haldið áfram.